

Kæri MH-ingur - sent 22. apríl 2024

Nú nálgast lokapróf vorannar og undanfarið hefur verið mikið að gera hjá flestum nemendum í MH. Við hvetjum þig til að taka námið alvarlega nota þessa síðustu daga vel. Gott tímaskipulag virkar t.d. vel í undirbúningi fyrir próf og það er hægt að fá skipulagsblöð og aðra ráðgjöf hjá okkur. Mundu að setja námið í fyrsta sæti og ekki gleyma að borða hollt og sofa nóg.

Eins og alltaf þarf að mæta með skilríki með nafni og mynd í próf. Ef þú átt þau ekki til getur þú komið til okkar í námsráðgjöfinni og fengið útprentað og stimplað vottorð til staðfestingar á þér 😊